

## **Kæri íbúi Húsahverfis**

Opinn fundur íbúa Húsahverfis um fyrirhugaðar breytingar á skólastarfi í Húsaskóla og áhrif þeirra á lífsgæði í hverfinu okkar verður haldinn **fimmtudaginn 9. febrúar nk. Klukkan 20:00 í Húsaskóla**. Fundurinn er opinn öllum íbúum hverfisins og öðrum sem vilja láta sig málefni þess varða.

# Ágætu íbúar Húsahverfis

Í lögum um leikskóla og grunnskóla, sem tóku gildi 1. júlí 2008, er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólustjóra. Eitt af markmiðum þessarar heimildar er að opna fyrir fjölbreytni, sveigjanleika og þróun í skólastarfi í þágu barna.

Á grundvelli þessarar heimildar hefur borgarstjórn Reykjavíkur samþykkt að ***Foldaskóli verði heildstæður safnskóli á unglíngastigi fyrir nemendur úr Foldaskóla, Húsaskóla og Hamraskóla.*** Breytingin á að koma til framkvæmda skólaárið 2012-2013. Samhliða þessum breytingum er lagt til að rekstur Húsaskóla og Hamraskóla verði skoðaður með tilliti til betri nýtingar á húsnæði og hugsanlegrar sameiningar í stjórnun eða sameiningar við leikskóla í nágrenninu.

Í bréfi sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs til foreldra eru tínd til rök fyrir því að gera Foldaskóla að safnskóla fyrir unglínga úr Folda-, Hamra- og Húsaskóla. Sviðsstjórinn bendir á að reynslan sýni að með safnskólum “megi ná fram hagkvæmni og samlegðaráhrifum á ýmsum sviðum til hagsbóta fyrir nemendur, kennara og foreldra.” Sviðsstjórinn heldur áfram og segir að í safnskóla sé “hægt að bjóða upp á fleiri valgreinar fyrir nemendur og stuðla þar með að aukinni sérhæfingu kennara.”

Í fljótu bragði virðist sem ofangreind sameining myndi þess vegna styrkja og auka fjölbreytni námsins sem börnum í Húsaskóla stendur til boða en hins vegar hefur nýlega verið bent á að valmöguleikar barna í Hamra- og Húsaskóla eru með því mesta sem gerist í borginni. Á fundi með formanni skóla- og frístundaráðs kom fram að í unglíngadeild Húsaskóla eru valgreinar 20% af náminu og gaf hún loforð fyrir því að auka þátt valgreina upp í 21%. Við spyrjum okkur því hvort þessi svokallaða aukning feli í sér slíkan ávinning að það forsvari stofnun safnskóla og það rót sem slík breyting hefur óumflýjanlega í för með sér. Þá er jafnframt óljóst hvað verður um starf yngri deildanna í Húsaskóla en í okkar huga er algjörlega ljóst að ekki er hægt að ræða flutning unglíngadeildar án þess að skoða áhrif þess á starf 1. - 7. bekkjar.

Lítið hefur farið fyrir umræðu um fjárhagslegan ávinning þess að færa unglíngadeildir Hamra- og Húsaskóla í Foldaskóla en við gerum skýlausa kröfu til þess að heildaráhrif breytingarinnar fyrir Húsahverfi liggi fyrir áður en ráðist verður í hana. Ákveðnir hnökrar hafa komið upp í samstarfi stýrihóps um sameiningarmál og hafa fulltrúar foreldra Húsa- og Hamraskóla sagt sig úr nefndinni auk þess fulltrúi kennara úr Húsaskóla.

Fjölmiðlar hafa flutt fréttir af því að samráð það sem skólayfirvöld boðuðu virðist vera að liðast í sundur og að skiptar skoðanir eru um ágæti þessarar framkvæmdar. Þá virðast áhyggjur foreldra og forráðamanna barna í skólunum ekki aðeins lúta að skólastarfi heldur einnig að framtíðarskipulagi, samgöngum og mögulegri skerðingu lífsgæða sem lofað var með staðfestingu deiliskipulags. Sjá einnig umfjöllun á vef íbúasamtaka Grafarvogs, [www.ibuasamtok.com](http://www.ibuasamtok.com)

Við undirrituð boðum til fundar um málefni Húsahverfis á breiðum grundvelli í tengslum við fyrirhugaðar breytingar skólayfirvalda í Reykjavík á skólastarfi í Húsaskóla og hvetjum fólk til að mæta og skoða þessi málefni til hlítar.

Foreldrafélag Húsaskóla